

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti.

Þann 21. desember 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Actavis Group hf, kr. 500.000,- vegna brots á 63. gr. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Actavis Group hf. hafi brotið gegn 63. gr. og 64. gr. vvl. Þegar félagið tilkynnti ekki innan tilskilinna tímamarka til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands hf. um viðskipti fruminnherja með hlutabréf í félaginu. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um viðskipti fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda honum til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um viðskiptin til Kauphallar Íslands hf., sbr. 64. gr. vvl.

Um var að ræða viðskipti sem áttu sér í nóvember 2006, en Actavis Group tilkynnti um viðskiptin 4 dögum of seint.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins og fyrri brota þótti hæfileg sekt vera kr. 500.000.